



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 9. maí 2018

Ákvörðun nr. 14/2018

Kaup Basko ehf. á Eldum rétt ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst bréf þann 27. mars 2018 þar sem tilkynnt var um kaup Basko ehf. á helmingshlut í Eldum rétt ehf. Með tilkynningunni fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a laganna.

Þann 3. apríl sl. var samrunaaðilum tilkynnt um að samrunaskráin væri fullnægjandi og frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann hefðu hafist þann 28. mars sl. Undir meðferð málsins gaf Samkeppniseftirlitið keppinautum samrunaaðila færi á því að koma fram með umsögn um samkeppnisleg áhrif þessa samruna. Kaus enginn þeirra aðila að koma fram með sjónarmið vegna málsins.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Fellur umræddur samruni undir b. lið ákvæðisins þar sem fram kemur að samruni geti átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar vegna yfirtöku fyrirtækis á öðru fyrirtæki.

Í samrunaskrá segir að Basko sé eignarhaldsfélag í eigu Horns III slhf., Árna Péturs Jónssonar, Station ehf. og Borgarhólma ehf. Félagið heldur utan um eignarhluti í nokkrum fyrirtækjum í verslunar- og veitingarekstri og er skráður tilgangur þess samkvæmt samþykktum félagsins verslunar- og veitingarekstur, eignaumsýsla, rekstur fasteigna, fjárfestingar í félögum með skylda starfsemi, lánastarfsemi, inn- og útflutningur, kaup og sala eigna og annar skyldur rekstur. Helstu félög sem eru undir yfirráðum Basko eru Basko verslanir ehf. sem hefur aðallega með höndum rekstur verslanakeðja á smásölumarkaði með dagvörur undir vörumerkjunum 10-11 og Iceland. Þá er félagið Drangasker ehf. einnig undir yfirráðum félagsins en það félag annast sölu á tilbúnum matvörum og stundar veitingarekstur undir vörumerkinu Dunkin' Donuts.



Basko er eins og kemur fram hér að ofan í eigu framtakssjóðsins Horn III ásamt áður tilgreindum fjárfestum. Horn III er framtakssjóður sem er í rekstri sjóðastýringarfyrirtækisins Landsbréfa sem er dótturfélag Landsbankans. Sjóðurinn er hugsaður sem fjárfestingarbandalag um óskráðar fjárfestingar íslensku atvinnulífi. Landsbréf hefur komið að fjárfestingum í ýmsum atvinnufyrirtækjum hér á landi s.s. Hópbílum, Bílaleigu flugleiða, Líflandi, Reykjavík Sightseeing Invest og Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni.¹ Ekkert þeirra fyrirtækja sem er undir yfirráðum Landsbréfa starfar á sama markaði og verslanir í rekstri Basko.

Við fjárfestingu Horns III í Basko gengust aðilar viðskiptanna undir skilyrði frá Samkeppniseftirlitinu sem ætlað er að tryggja samkeppnislegt sjálfsstæði Basko og Landsbréfa gagnvart Landsbankanum.² Þá gekkst fyrirtækið undir það að haga upplýsingamiðlun til hlutahafa Horns III með tilteknum hætti sem ætlað var að koma í veg fyrir að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar bærust á milli keppinauta. Skilyrðin í heild sinni má finna í ákvörðun eftirlitsins sem aðgengileg er á heimasíðu stofnunarinnar en þau eru enn í fullu gildi.

Í samrunaskrá segir að Eldum rétt sé netverslun sem sérhæfir sig í sölu og dreifingu matarpakka sem séu sér tilbúnir til eldunar fyrir heimili. Þá segir að félagið hafi ekki með höndum starfsemi á öðrum mörkuðum og er félagið í endanlegri eigu fjölmargra einstaklinga í gegnum tvö einkahlutfélög. Eftir samrunann mun Horn III eiga helmingshlut í fyrirtækinu á mótí umræddum einstaklingum.

III.

Niðurstaða

Samkvæmt samkeppnislögum er markaður sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu. Almennu eru markaðir skilgreindir út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum; annars vegar þarf að bera kennsl á, og afmarka, vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar þarf að bera kennsl á, og afmarka, landfræðilega markaðinn.

Í samrunaskrá segir að starfsemi kaupenda sé á smásölumarkaði með dagvörur undir vörumerkjnum 10-11 og Iceland. Í umfjöllun sinni um smásölumarkað með dagvörur vísa samrunaaðilar til umfjöllunar Samkeppniseftirlitsins í skýrslu nr. 1/2015 *Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði – Staða samkeppni 2015*. Þar kemur fram að hlutdeild dótturfélaga Basko, 10-11 og Iceland, í sölu á dagvöru sé um 5-6% á landsvísu og 6-7% á höfuðborgarsvæðinu.

Þá er í samrunaskránni umfjöllun um starfsemi Drangaskers sem rekur kaffihús undir vörumerkinu Dunkin' Donuts þar sem margs konar matur sé seldur auk kaffidrykkja og kleinuhringja. Rekur félagið fjóra sölustaði og telja samrunaaðilar að markaðshlutdeild félagsins sé óveruleg á markaði fyrir veitinga- og skyndibitastaði. Þá segir um Eldum rétt að fyrirtækið reki netverslun sem sérhæfir sig í samsetningu matarpakka fyrir heimili sem ætlaðir eru til eldunar skv. uppskriftum sem fyrirtækið útbýr og markaðssetur. Um sé að

¹ Öll þessi viðskipti voru tilkynningarskyld til Samkeppniseftirlitsins og má finna ákvarðanir vegna þessa viðskipta á heimasíðu stofnunarinnar, www.samkeppni.is.

² Basko ehf., Horn III slhf., Landsbréf hf. og Landbankinn hf. gengust undir sáttina.



ræða nýja starfsemi hér á landi og teljist Eldum rétt frumkvöðull á þessu sviði. Segir að í byrjun ársins hafi fyrirtækið Einn, tveir og elda ehf. hafið rekstur með því er að því er virðist með sambærilega þjónustu. Samrunaaðilar hafi ekki upplýsingar um starfsemi félagsins aðrar en þær sem fram komi á heimasíðu þess og annarri opinberri umfjöllun. Þá hafi verið fluttar fréttir af áformum stórra dagvöruverslana um að bjóða uppá vöru og þjónustu í samkeppni við Eldum rétt síðar á þessu ári.³ Þá benda samrunaaðilar á að netverslanir eru reknar undir vörumerkjunum Heimkaup og aha þar sem þeir segja unnt að kaupa matvörur og fá heimsendingarþjónustu.⁴

Af hálfu samrunaaðila er því haldið fram að sú tegund netverslunar og þjónustu sem Eldum rétt stundar hafi ekki verið skilgreind sérstaklega. Segja þeir að þjónustan skarist með ákveðnum hætti við dagvörumarkað, og markað fyrir heimsenda tilbúna rétti eða skyndibita og markað fyrir netverslanir með dagvörur og skyndibita. Þá benda samrunaaðilar á að þeim sé ekki kunnugt um að skörun eða staðganga fyrir vöru eða þjónustu af þessu tagi hafi verið sérstaklega rannsökuð og líta samrunaaðilar þó svo á að markaðirnir séu ekki tengdir í samkeppnisréttarlegum skilningi eins og sakir standa en þó kunni að vera rök fyrir slíkri niðurstöðu. Þannig kynni innkoma stórra aðila á dagvörumarkaði að leiða til þess að rétt væri að líta á markaðina sem tengda.

Samrunaaðilar telja að fyrirhuguð kaup Basko á 50% hlut í Eldum rétt muni ekki hafa í för með sér neikvæð áhrif á samkeppni á þeim mörkuðum sem um ræðir. Í því samhengi benda þeir á að samanlögð hlutdeild verslana Basko sé lítil á smásölumarkaði fyrir dagvörur og telja þeir að samruninn muni ekki hafa áhrif á þessa stöðu Basko þar sem varla sé hægt að líta svo á að markaðirnir séu tengdir í samkeppnisréttarlegum skilningi, jafnvel þó að mörkin séu ekki alveg skýr. Einnig benda þeir á að velta Eldum rétt sé einungis [],⁵ en við það styrkist staða samrunaaðila ekki með þeim hætti að það hafi skaðleg samkeppnisleg áhrif. Þá telja samrunaaðilar að viðskiptin hafi engin áhrif á markaði fyrir skyndibita- og veitingastaði þar sem Dunkin' Donuts starfi, þar sem Eldum rétt starfi ekki beinlínis á þeim markaði.

Samrunaaðilar segja að markmið samrunans sé að styðja við frekari vöxt og þróun Eldum rétt með sérþekkingu á sviði smásölu sem er til staðar hjá Basko. Markaður fyrir þá þjónustu sem Eldum rétt býður uppá sé í mótun og ljóst sé að ýmsir aðilar séu að hasla sér völl á honum eða séu með fyrirætlanir um það. Að því marki sem unnt sé að tala um sérstakan markað í þessu efni telja samrunaaðilar að hann sé opinn, aðgangshindranir litlar ef nokkrar og samkeppni á honum virk. Samrunaaðilar telja því unnt að slá því föstu að samruninn muni ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi samkeppnislaga. Eldum rétt verði á engan hátt talið hafa ráðandi stöðu á markaðnum og slík staða verði heldur ekki til við samrunann. Því sé ekkert tilefni til íhlutunar af hálfu Samkeppniseftirlitsins vegna samrunans.

Mat Samkeppniseftirlitsins

Þessi viðskipti sem hér um ræðir fela það í sér að Basko, fjórði stærsti aðilinn á dagvörumarkaði, fjárfestir í helmingshlut í Eldum rétt. Samrunaaðilar benda réttilega á

³ <http://www.visir.is/g/2017171219643>

⁴ Umræddar verslanir eru reknar á heimasíðunum www.heimkaup.is og www.aha.is

⁵ Upplýsingar í [hornklofa] eru felldar út vegna trúnaðar.



Það að hlutdeild Basko á smásöllumarkaði fyrir dagvörur á höfuðborgarsvæðinu hafi var talin 6-7% á dagvörumarkaði í áðurnefndri skýrslu Samkeppniseftirlitsins frá því 2015. Samrunaaðilar greina sjálfir frá því að velta fyrirtækisins hafi aukist nokkuð síðan umrædd skýrsla var gefin út. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins á samruna Haga og Lyfju⁶ leiddi í ljós að hlutdeild Basko á dagvörumarkaði á höfuðborgarsvæðinu væri á bilinu 5-10% árin 2016 og 2015. Þá sýndi rannsóknin að hlutdeild fyrirtækisins á öðrum landfræðilegum mörkuðum var lægri umrædd ár. Eftirlitið telur að ekki séu vísbendingar um að þessi staða á dagvörumarkaði hafi breyst í meginatriðum.

Eldum rétt er ungt fyrirtæki og er þjónusta fyrirtækisins ný af nálinni, hér á landi í það minnsta. Starfsemi sem þessi hefur ekki áður komið til kasta hérlendra samkeppnisyfirvalda og því ekki einsýnt hvernig markaðurinn skuli skilgreindur í samkeppnisréttarlegum skilningi. Fyrir niðurstöðu þessa máls ber að líta til þess að hér er um að ræða samruna tiltölulega smárra fyrirtækja á dagvörumarkaði. Þá er jafnframt ljóst að Basko hefur ekki með höndum starfsemi sambærilegri þeirri og Eldum rétt býður upp á og verður því engin samþjöppun í þeirri starfsemi. Yrði niðurstaðan sú að skilgreina starfsemi Eldum rétt sem sérstakan markað yrði m.ö.o. engin samþjöppun á viðkomandi markaði. Að svo stöddu telur Samkeppniseftirlitið því ekki tilefni til þess að taka afstöðu til endanlegrar markaðsskilgreiningar á þeim markaði sem Eldum rétt starfar á.⁷ Sá markaður sem lagður er til grundvallar í þessu máli er því markaður fyrir smásölu dagvara á höfuðborgarsvæðinu. Hvað starfsemi Dunkin` donuts á markaði fyrir veitinga- og kaffihús varðar þá telur eftirlitið þessi viðskipti ekki skapa tilefni til rannsóknar á þeim markaði, enda á engin samþjöppun sér stað á þeim markaði við samrunann.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samrunann eða sett honum skilyrði.

Að undangenginni rannsókn er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að kaup Basko á Eldum rétt hindri virka samkeppni í skilningi 17. gr. c. samkeppnislaga. Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.

⁶ Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017 *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.*

⁷ Láréttur samruni hjá fyrirtækjum í sambærilegri starfsemi og Eldum rétt kynni að kalla á slíka greiningu. Slíkur samruni hefur ekki komið til kasta Samkeppniseftirlitsins, hins vegar hefur slíkt mál komið til kasta norskra samkeppnisyfirvalda og má sjá niðurstöðu þeirra í eftirfarandi hlekk:
<http://www.konkurransetilsynet.no/globalassets/vedtak-og-uttalelser/vedtak-og-avgjorelser/2017/avgjorelse-a2017-2---adams-matkasse-as---godtlevert.no-as---konkurranseloven--20-jf.--16.pdf>



**IV.
Ákvörðunarorð:**

„Kaup Basko ehf. á Eldum rétt ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson